



Ávarp stjórnarformanns Íslandsbanka

Kæri hluthafi,

Íslandsbanki er í dag það íslenska almenningshlutafélag sem er í dreifðastri eigu. Það er mikið fagnaðarefni ekki síður en að ríkið seldi 45 prósent eignarhlut sinn í bankanum á síðasta starfsári. Mér er það heiður að vera treyst til að starfa í stjórn eins mikilvægasta félags Íslands.

Einn stærsti áhættupáttur í rekstri banka er verðbólga. Sumir vilja trúna því að bankar græði á verðbólgu en það er af og frá. Til skamms tíma gæti það litið þannig út því bankarnir fjármagna 70% af útlánum sínum með óverðtryggðum innlánum en lána flest húsnæðislán (sem eru stærsti hluti lána banka) með verðtryggingu. Staðreyndin er hins vegar sú að verðbólga rýrir líf skjör almenning og sverfur mjög að rekstri fyrirtækja, gæði útlána minnka því mjög mikið við þráláta verðbólgu og það er mun stærri áhættupáttur í rekstri banka

að lán tapist heldur en að verðbætur komi vegna verðtryggingarjafnaðar bankanna.

Almenningur tekur bönkum sem gefnum hlut, en það eru þeir ekki. Ekkert land sem býður upp á góð líf skjör getur verið með frumstætt bankakerfi. Hagur almenning og framþróun bankanna helst hönd í hönd. Að mínu mati mun framtíðin enn betur leiða það í ljós. Það stökk sem á sér stað í framþróun með tilkomu sjálfvirknivæðingar og gervigreindar um þessar mundir mun hafa mikil áhrif innan bankakerfisins sem og á mörgum stöðum hagkerfisins. Þar skiptir miklu máli að Íslandsbanki sé þar í fararbroddi. Saga bankans er sú að hann hefur í gegnum tíðina rutt brautina með tækninýjungar. Það er því stór hluti af menningu bankans að innleiða hratt og vel nýjar þjónustur sem gagnast viðskiptavininum sem best.



Einhverjir hafa miklar áhyggjur af þeim breytingum sem gervigreindin hefur í för með sér. Ég fagna þeim enda er það svo að Ísland með sínar ríku náttúruauðlindir og menntaða starfsfólk hefur alla burði til að verða ofan á í þeim breytingum. Það sem helst veldur mér áhyggjum er samkeppnisumhverfið sem með gríðarlegum eftirlitskostnaði og flækjustigi gerir framþróun hægari en ella og skekkir þar með stöðu íslensks fjármálakerfis. Sem dæmi má nefna að vogunarhlutfall íslenskra banka er mjög hátt í samanburði við aðra norræna banka. Vogunarhlutfall bankans í árslok var 12,5% en sama hlutfall er 4,4% hjá Danske Bank, 5,7% hjá SEB og 5,1% hjá Nordea. Miðað við það mætti með öðrum orðum segja að bankinn sé með um 60% meira eigið fé en nefndir bankar. Lægri kröfur til eiginfjár bindingar banka hér á landi myndu aftur leiða af sér hagkvæmari rekstur og ódýrari þjónustu.

Stjórn Íslandsbanka undirritaði 6. október á síðasta ári skilmálaskjal við stjórn Skaga um samruna félaganna. Í því var grein 1.2 sem sagði: „Fyrirkomulag samruna aðila, eins og því er lýst í skilmálaskjali þessu, kann að taka breytingum með hliðsjón af frekari viðræðum, áreiðanleikakönnun aðila og hugsanlegum skilyrðum sem eftirlitsyfirvöld kunna að setja samrunanum.“ Þegar Seðlabankinn birti umræðuskjal 19. desember þar sem fram komu áform um að sérstakur eiginfjárauki myndi leggjast á banka sem ættu tryggingafélög varð forsendubrestur fyrir því að klára samrunasamning félaganna út frá því sem lagt hafði verið til grundvallar við undirritun 6. október. Eins þurfti að ræða ólíka gengisþróun félaganna út frá uppfærðum arðsemishorfum líkt og orðalagið "frekari viðræður, áreiðanleikakönnun..." bar með sér. Stjórn Íslandsbanka sendi formlegt erindi til

Skaga 19. febrúar og þar sagði: „Stjórn Íslandsbanka ítrekar að bankinn sjái fjölda tækifæra við samruna félaganna, öllum hagaðilum til hagsbóta. Bankinn ítrekar því áhuga sinn á að halda áfram samtali við stjórn Skaga um skilmála samrunasamnings, með því markmiði að ljúka gerð endanlegs samnings, að teknu tilliti til þeirra atriða sem að mati bankans hafa breyst frá því viðræður hófust.“ Svar Skaga við því erindi var á þá leið að félagið vildi senda tilkynningu á markað um slit viðræðna. Það var því ekki stjórn Íslandsbanka sem sleit viðræðunum.

Samstarf Íslandsbanka og VÍS er óbreytt þó að ekkert hafi orðið að undirritun samrunasamnings. Það hefur gengið vel og gagnast báðum aðilum og viðskiptavinum þeirra.

Að lokum vil ég þakka ykkur fyrir að mæta á fundinn hér í dag, hvort heldur sem það er hér í salnum eða í gegnum streymi. Það er tilhlökkunarefni að halda inn í komandi rekstrarár þar sem við tökumst á við bæði áskoranir og tækifæri af fullum krafti og látum verkin tala. Mér finnst sjálfsagt markmið að Íslandsbanki verði fremstur meðal íslenskra banka í þjónustu við viðskiptavini. Grunnforsenda þess er að bankinn sé með hagkvæmasta reksturinn. Það er keppikefli mitt að svo megi verða.